

Álagning gjalda fyrir árið 2024

Álagning fasteignaskatts, holræsagjalda, sorpeyðingar- og sorphreinsunargjalda árið 2024:

1. Fasteignaskattur af húsnæði verði eftirfarandi hlutfall af fasteignamati þeirra samkvæmt II. kafla laga um tekjustofna sveitarfélaga nr. 4/1995, með síðari breytingum, og reglugerð um fasteignaskatt nr. 1160/2005.
 - a). Íbúðir og íbúðarhús, útihús og mannvirki á bújörðum, sem tengd eru landbúnaði og sumarbústaðir: **0,250 %**.
 - b). Sjúkrastofnanir skv. lögum um heilbrigðisþjónustu, skólar, heimavistir, leikskólar, íþróttahús og bókasöfn **1,32%**
 - c). Allar aðrar fasteignir: **1,35 %**.
2. Fráveitugjald af fasteignamati fasteignar skv. 15. gr. laga um uppbyggingu og rekstur fráveitna nr. 9/2009 .
 - a) Íbúðir og íbúðahús, útihús og mannvirki á bújörðum sem tengd eru landbúnaði og sumarbústaðir: 0,20%.
 - b) Allar aðrar fasteignir: 0,30%.
3. Bæjarráð samþykkir að lagt verði sorpeyðingargjald á hverja íbúð, kr. **48.481** og að
 - a) Sorphirðu- og tunnuleigugjald verði kr. **22.519** á hverja íbúð.
 - b) Sorpbrennslu- og sorpeyðingargjöld fyrirtækja samkvæmt samþykkttri gjaldskrá um meðhöndlun úrgangs sem tók gildi þann 1. janúar 2024.
4. Gjald dagar fasteignagjalda skulu vera tíu þ.e. 15. feb., 15. mars, 15. apríl, 15. maí, 15. júní, 15. júlí, 15. ágúst, 15. sept., 15. okt., 15. nóv.
5. Dráttarvextir reiknast af gjaldföllum fasteignagjöldum 30 dögum eftir gjalddaga.
6. Bæjarráð samþykkir að veittur verði 5% staðgreiðsluafsláttur af fasteignasköttum, holræsagjöldum skv. liðum 1 og 2 hér að ofan, séu þau að fullu greidd eigi síðar en 7. febrúar 2024.
7. Bæjarráð samþykkir að fella niður fasteignagjöld ellilífeyrisþega og öryrkja skv. neðangreindum reglum:

Reglur um afslátt af fasteignagjöldum hjá tekjulágum elli- og örorkulífeyrisþegum með lögheimili í Vestmannaeyjum.

1. gr.

Elli- og örorkulífeyrisþegum sem eiga lögheimili í Vestmannaeyjum og eru þinglýstir eigendur viðkomandi húsnæðis er veittur afsláttur af fasteignaskatti, fráveitugjaldi, sorpeyðingar- og sorphirðugjöldum og lóðarleigu samkvæmt reglum þessum, sbr. heimild í 4. mgr. 5. gr. laga nr. 4/1995 um tekjustofna sveitarfélaga sem og 15. gr. laga um uppbyggingu og rekstur fráveitna nr. 9/2009 og 59. gr. laga um hollustuhætti og mengunarvarnir nr. 7/1998. Afslátturinn er tengdur viðmiðunartekjum skv. 5. gr. reglnanna.

2. gr.

Rétt til afsláttar eiga íbúðareigendur;

- a) sem eru 67 ára á árinu eða eldri, eða
- b) sem hafa verið úrskurðaðir 75% öryrkjar fyrir 1. janúar á álagningarárinu,
- c) sem búsettir eru í íbúð þeirri sem álagningin nær til.

3. gr.

Þegar um hjón eða sambúðaraðila er að ræða nægir að annað þeirra fullnægi því skilyrði að vera elli- og/eða örorkulífeyrisþegi.

Falli annar aðilinn, frá, þá á eftirlifandi rétt á því að njóta afsláttar hjóna, eða sambúðaraðila út árið sem fráfalið átti sér stað, óski hann þess.

4. gr.

Afsláttur miðast við tiltekna viðmiðunartekjur einstaklinga eða hjóna, þ.e. tekjum sem mynda álagningarstofn tekjuskatts, útsvars og fjármagnstekjuskatts, eins og þessar tekjur voru árinu á undan álagningarári. Miðað er við sameiginlegar tekjur hjóna og samskattaðs sambýlisfólks. Gögnin eru sótt til RSK. Þegar nýtt skattframtal á álagningarárinu liggur fyrir er heimilt að endurreikna afslátt þeirra sem þess óska. Viðmiðunarfjárhæðirnar skulu endurskoðaðar árlega.

5. gr.

Viðmiðunartekjur eru sem hér segir:

1. Fyrir einstaklinga:

- a. Brúttótekjur 2022 allt að 6.000.000 kr: Full niðurfelling.
- b. Brúttótekjur 2022 allt að 6.300.000 kr: 70% afsláttur.
- c. Brúttótekjur 2022 allt að 6.500.000 kr: 30% afsláttur.

2. Fyrir hjón:

- a. Brúttótekjur 2022 allt að 8.200.000 kr. Full niðurfelling.
- b. Brúttótekjur 2022 allt að 8.700.000kr. 70% afsláttur.
- c. Brúttótekjur 2022 allt að 9.300.000 kr. 30% afsláttur.

Samþykkt af bæjarráði Vestmannaeyja 27. september 2023

Samþykkt af bæjarstjórn Vestmannaeyja 24. október 2023